

REGLUR

um ráðstöfun 700 millj. kr. aukaframlags til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2006.

1. gr.

Gildissvið.

Markmið þessara reglna er að úthluta sérstöku aukaframlagi til sveitarfélaga sem vegna þróunar í rekstrarumhverfi eru í mestri þörf fyrir slíkt framlag.

Einungis kemur til úthlutunar framlags samkvæmt þessum reglum ef heimild sveitarfélags til útsvarsálagningar fyrir tekjuárið 2006 er fullnýtt af sveitarstjórn.

Við útreikning og úthlutun framlaga skal miða við skipan sveitarfélaga eins og hún var í árslok 2005.

2. gr.

Framlag vegna íbúafækkunar.

Varið skal 350 millj. kr. til sveitarfélaga þar sem íbúum fækkaði árin 2001 til 2005.

Við úthlutunina skal byggja á upplýsingum frá Þjóðskrá um endanlegan íbúafjölda sveitarfélaga árin 2000-2004 og bráðabirgðatölum um íbúafjölda sveitarfélaga 1. desember 2005.

Einungis kemur til úthlutunar framlags samkvæmt þessari grein ef hlutfallsleg fækkun íbúa hefur verið umfram 1,5% á tímabilinu. Þó skal ekki greiða framlag til sveitarfélaga þar sem fækkun íbúa er ekki umfram níu íbúa á tímabilinu.

Framlag samkvæmt þessari grein skal greitt eigi síðar en 1. september 2006.

3. gr.

Framlag vegna þróunar útsvarsstofns.

Varið skal 350 millj. kr. til sveitarfélaga þar sem hlutfallsleg hækkun útsvarsstofns milli áranna 2000 og 2005 er lægri en hlutfallsleg hækkun ársmeðaltals launavísitölu fyrir sama tímabil.

Við útreikning framlags samkvæmt þessari grein skal byggt á upplýsingum frá Ríkisskattstjóra um endanlegan álagningarstofn útsvars árin 2000-2005, upplýsingum frá Hagstofu Íslands um ársmeðaltal launavísitölu árin 2000-2005 og upplýsingum úr Þjóðskrá um endanlegan íbúafjölda 1. desember 2005.

Framlag skiptist hlutfallslega samkvæmt stuðli sem reiknaður er fyrir hvert sveitarfélag sem fellur undir skilyrði 1. mgr. Stuðulinn skal reikna þannig að íbúafjöldi er margfaldaður með mismun á hlutfallslegri breytingu ársmeðaltals launavísitölu og hlutfallslegri breytingu álagningarstofns útsvars.

Framlag samkvæmt þessari grein skal greitt eigi síðar en 30. desember 2006.

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 18. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, og fjárlaga fyrir árið 2006, liðar 07-801 í sundurliðun 2, og öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 25. ágúst 2006.

Magnús Stefánsson.

Lárus Bollason.